



## SAMÞYKKTIR

### um frístundastyrk til barna í íþróttá - og tómstundaiðkun og æfingastyrki til aldraðra og öryrkja

#### 1. Markmið

Markmið og tilgangur frístundastyrksins er:

1. Að styrkja 6 til 18 ára börn, aldraða og öryrkja í Langanesbyggð til þátttöku í uppbyggilegu frístundastarfi og auka möguleika til þátttöku óháð efnahag.
2. Að ýta undir aukna hreyfingu og félagsþátttöku 6 til 18 ára barna.
3. Að vinna gegn óæskilegu brottfalli í eldri aldurshópum iðkenda.
4. Auka virkni í frístunda tíma barna.

#### 2. Styrkir fyrir aldraða og öryrkja

Samtök eða hópar eldri borgara, 67 ára og eldri og öryrkja, geta sótt um styrki til sveitarfélagsins vegna æfinga íþróttá til greiðslu á kostnaði við íþróttáþjálfun eða tómstundaiðkunar. Einnig er heimilt að styrkja eða niðurgreiða ferðakostnað á æfingar eða í þjálfun.

Húsaleiga er ekki styrkhæf umfram að veita afnot af íþróttahúsnæði skv. reglum sem gilda um íþróttir barna- og unglunga.

Umsóknum skal skila til velferðarnefndar sveitarfélagsins sem gerir tillögur til sveitarstjórnar um styrkhæf verkefni og styrkupp hæð.

#### 3. Frístundastyrkur

1. Frístundastyrkurinn er kr. 30.000 á árinu 2018, fyrir einstakling á aldrinum 6 til 18 ára.
2. Frístundastyrkurinn er fyrir börn með lögheimili í Langanesbyggð.
3. Frístundastyrk er úthlutað til foreldra/forráðamanna vegna greiddra þáttökugjalda hjá þeim félögum/fyrirtækjum/stofnunum sem hafa gildan samstarfssamning við Langanesbyggð. Lista yfir samstarfsaðila hverju sinni má sjá á heimasíðu sveitarfélagsins.
4. Gert er ráð fyrir að tímabil hveurrar styrkveitingar sé almanaksárið og yrði því styrkurinn til ráðstöfunar frá og með 1. janúar ár hvert.
5. Réttur til frístundastyrks fyrir hvert ár fellur niður í árslok. Ónýttir frístundastyrkir geymast ekki milli ára.
6. Hægt er að skipta frístundastyrknum niður á fleiri en eina tómstundaiðju en ekki þarf að ráðstafa öllum frístundastyrknum í einu.
7. Frístundastyrkur er einungis greiddur út vegna námskeiða sem standa yfir í a.m.k. 6 vikur samfellt.
8. Frístundastyrkurinn gildir ekki sem greiðsla fyrir aðbúnað, ferðalög eða annan tilfallandi kostnað vegna keppni eða þjálfunar.

#### 4. Skilgreining á samstarfsrétti félaga og fyrirtækja

Meginskilyrði fyrir endurgreiðslu til foreldra/ forráðamanna barns er að starfsemi íþróttá og tómstundaiðkunar sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðustum skilningi.



Starfsemin fari fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við tómstundastarf og þjálfun barna .

Félög , fyrirtæki og stofnanir sem vilja gera samstarfssamning við sveitarfélagið verða að auki að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði :

1. Að vera með skilgreinda starfsemi sem fellur undir markmið laga, reglugerða og stefnu Langanesbyggðar.
2. Að hafa rekstur undir eigin kennitölu.
3. Hafa aðsetur í Langanesbyggð. Velferðarnefnd er heimilt að veita undanþágu vegna þess ef umsækjandi er við nám eða lengri vist utan sveitarfélags, en þó með lögheimili innan sveitarfélagsins, sbr. lið 3.2.

Ekki er hægt að gera samstarfssamning vegna kaupa á árskortum í líkamsræktarstöðvum en skipulögð unglínganámsskeið og dansnámsskeið innan líkamsræktarstöðva geta fallið undir skilyrði til samnings.

Aðilar skila skilgreindri umsókn til velferðarnefndar sem metur umsóknir. Samstarfssamningur tekur gildi næsta virka dag eftir afgreiðslu nefndarinnar.

Samstarfsaðilar skulu ár hvert skila greinargerð til framkvæmdastjóra velferðarnefnd varðandi starfsemi sína og þar skal koma fram m.a. u pplýsingar um fjölda iðkenda, eðli starfseminnar og gjaldskrá.

## 5. Verðlagning

Samstarfsaðilar vegna samþykktu þessara skulu leitast við að stilla verðlagi á æfinga - og þátttökugjöldum í hóf og senda inn gjaldskrá sína til velferðarnefndar fyrir upphaf hvers annar/tímabils.

Skilyrði fyrir áframhaldandi samstarfi frá ári til árs er að samstarfsaðilar hækki ekki gjaldskrá sína umfram eðlilega vísitöluhækkun á ári hverju.

## 6. Framkvæmd frístundastyrks

Um er að ræða beingreiðslur til foreldra /forráðamanna barns. Úthlutun frístundastyrkja fer fram í gegnum sveitarfélagið.

Foreldri/forráðamaður greiðir þátttökugjöld í nafni barns síns til samstarfsaðila skv. tilgreindum lista og framvísar frumriti kvittunar ásamt umsóknareyðublaði til skrifstofu Langanesbyggðar.

Á kvittun skal koma fram:

1. Nafn og kennitala iðkanda
2. Tímabil og heiti námskeiðs
3. Nafn samstarfsaðila
4. Heildarupphæð greiðslu fyrir námskeið
5. Dagsetning greiðslu
6. Undirskrift fulltrúa samstarfsaðila
7. Stimpill samstarfsaðila

Á umsóknareyðublaði foreldri/forráðamanns skal koma fram:

1. Nafn og kennitala iðkanda
2. Nafn og kennitala forráðamanns
3. Tímabil og heiti námskeiðs
4. Sú upphæð sem óskað er eftir í styrk . (Athugið, ekki er hægt að ráðstafa hærri upphæð hverju sinni til styrkveitingar en námskeiðið kostar)



5. Upplýsingar um bankareikning sem styrkur er greiddur inn á
6. Dagsetning umsóknar
7. Undirskrift foreldris/forráðamanns

Að jafnaði eru styrkir greiddir til foreldra/forráðamanna fyrsta virka dag næsta mánaðar. Greiðslur vegna námskeiða hjá nýjum samstarfsaðilum eru styrktækar í allt að 1 mánuð fyrir samþykki velferðarnefndar um nýja samstarfsaðilan. Viðkomandi námskeið þarf þó að vera innan almanaksársins.

## 7. Undanþágur og vafaatriði

Velferðarnefnd hefur heimild til að veita undanþágu frá þessum reglum. Ef upp koma vafaatriði mun nefndin skera úr um það.

Brot félaga/fyrirtækja á reglum og skilyrðum fyrir frístundastyrknum getur leitt til endurskoðunar á úthlutun.

## 8. Annað

Verði ofgreiðsla á frístundastyrk er áskilinn réttur til að krefjast endurgreiðslu styrksins að fullu. Sé ofgreiðsla á grundvelli rangra upplýsinga eða umsækjandi ekki tilkynnt um breytingu á högum sínum sem hafa áhrif á greiðslu frístundastyrks er heimilt að leggja dráttavexti á upphæð endurkröfunnar.

*Samþykkt í sveitarstjórn 23. nóvember 2017.*